



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI



## Fréttir

Tölublað 213

Janúar 2006

### Í ársbyrjun 2006

Það verður um margt sérstök önn nú á vorönn 2006. Núna er að hefjast lokaspretturinn í nýbyggingunni, frágangi á lóð og svo undirbúningur mikilla viðgerða á eldri húsum skólans. Þetta þýðir að kennslu lýkur í raun um páskafrí eða 7. apríl, próf hefjast fyrr eða 24. apríl og lýkur 15. maí. Útskrift verður 20. maí.

Þegar páskafríð hefst munum við svo flytja starfsemi skólans. Skrifstofan verður flutt niður í Dverg þar sem nú eru kennslustofur D1, D2 og D3 og prófahaldið verður flutt í Lækjarskóla því allt verður sett nður í kassa í núverandi húsnæði og geymt meðan iðnaðarmenn setja upp lyftur og fleira.

Við biðjum því alla að leggjast á sveifina með okkur að láta hlutina ganga vel því ávöxturinn, teljum við, mun verða ríkulegur í staðinn.

Nokkur hópur látinn taka sér hvíld á vorönn af ýmsum ástæðum. Samt eru liðlega 550 nemendur við skólann sem er að verða venjulegur hópur á vorönn, en þótti eitt sinn stór!

Við ítrekum að það er nauðsynlegt að nemendur kynni sér þær reglur sem gilda í skólanum um námsárangur, skólareglur og skólasókn. Í þeim reglum felast ýmsar leiðir til að bæta við sig einingum á einfaldan hátt. Í því samhengi minni ég sérstaklega á að skólasókn getur aflað mönnum eininga og þannig flytt þeim leið í náminu. Þetta nýta fjölmargir nemendur sér meðan aðrir kjósa að tapa einingu og vinna upp með aukaáföngum.

Að þessu sögðu bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til starfa og vonum að ykkur farnist vel í náminu í vetur.

Magnús Þorkelsson

Starfsfólk Flensborgarskólans óskar  
þér gleðilegs árs  
og vonar að nýtt ár verði þér  
árangursríkt.



### Hraðtafla fimmtudaginn 5. janúar

Tími í dag:	Tími vanalega:	Stokkur:
8.05-8.30	Mánudagur kl. 8.05	A
8.35-9.00	Mánudagur kl. 9.10	B
9.05-9.30	Mánudagur kl. 10.30	C
9.35-10.00	Mánudagur kl. 11.35	F
10.15-10.40	Mánudagur kl. 13.05	G
10.45-11.10	Mánudagur kl. 14.15	Y
11.15-11.40	Mánudagur kl. 15.20	X
11.45-12.10	Þriðjudagur kl. 10.30	Z

### Töflubreytingar verða afgreiddar dagana 5.-10. janúar.

#### Stokkataflan

Tíminn	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8:05 - 9:05	A	X	Z	A	C
9:10 - 10:10	B	Y	Y	B	F
10:30 - 11:30	C	Z	G	C	G
11:35 - 12:35	F	Fundur	C	F	X
13:05 - 14:05	G	F	B	G	Z
14:15 - 15:15	Y	A	A	X	Y
15:20 - 16:20	X	B	Umsj.- tími	Z	

## Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum á auglýsingatöflu skólans.

Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.

### Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum LKN 112/122, MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

- LKN 112/122 kr. 2000
- MAT kr. 6000
- MYN kr. 3.500.

Innifalið í gjaldi fyrir LKN er mappa sem fæst hjá kennara gegn framvísun kvittunar frá skrifstofu

**Endurinnritunargjöld verða að vera greidd til að fá afhenta stundatöflu.**



**FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM  
P-NÁM RENNUR ÚT  
10. JANÚAR**

**Niðurstaðan verður birt 16. janúar. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 23.janúar til að ganga frá samningi annars dettur heimild um P-nám niður.**

**Heildarfjöldi sem getur fengið P-nám er takmarkaður.**

### Reglur um P-nám

#### I. Skilyrði fyrir P-námi

1. Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
2. Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
3. Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

#### II. Takmarkanir á P-námi

4. Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
5. Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
6. Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.
7. **Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.**

#### III. Framkvæmd á P-námi.

8. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir **23.jan.**
9. Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlök.  
**P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

## Að hætta í áfanga á önninni

Á töflubreytingartíma til **9. janúar** er hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða endurinnritunargjald. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða gjald við upphaf næstu annar. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverja námseiningu. Nemandi sem ákveður að hætta í þriggja eininga áfanga þarf því að greiða 1500 kr. Úrsögnin er framkvæmd þannig að nemandinn sækir eyðublað á skrifstofu skólans, skilar því síðan útfylltu til síns umsjónarkennara í viðtalstíma hans. **Fjarvistir í viðkomandi áfanga halda áfram að telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest af umsjónarkennara.**

**Eindagi til að segja sig úr áfanga á vorönn 2006 er**

**23. janúar**

Nemendur sem telja sig þurfa að hætta í áfanga eftir að frestur er útrunninn verða að leita til námsráðgjafa og fá samþykki skólaráðs fyrir úrsögn. Ekki er hægt að skröpa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vændum



## Skiladagar stærri verkefna

Skiladagar stórra verkefna (kjörbókarritgerða, heimildarritgerða o.fl.) hafa verið ákveðnir þessir:

**Samfélagsgreinar: 13.-17. febrúar**

**Íslenska: 20.-24. febrúar**

**Danska: 6.-10. mars**

**Enska: 13.-17. mars**

Þessir skiladagar gilda fyrir alla nemendur, dagskólanemendur, P-nemendur og utanskólanemendur.

Kennarar munu nánar tilkynna um fyrirkomulag þessara verkefna, en sú meginregla gildir í skólanum að ef ritgerðum af þessu tagi er ekki skilað á réttum tíma fær nemandinn ekki að taka próf í áfanganum.

Sama regla gildir einnig þar sem reglulega þarf að skila úrlausnum, skýrslum, heimadæmum eða öðru af því tagi. Ef lágmarksskilyrðum er ekki fullnægt missir nemandinn rétt til að taka lokapróf.



## Aukin þjónusta við nemendur

Við minnum á samstarfsverkefni Flensborgarskólans og Heilsugæslunnar Sólvangi.

Hrafnhildur Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsmaður á Heilsugæslunni Sólvangi verður til viðtals á þriðju hæð gamla skólans í herbergi gengt stofu þrjú (á sama stað og forvarnarfulltrúi og fjarvistastjóri hafa aðstöðu) á mánudögum frá kl 13-15. Nemendur geta leitað til hennar eftir heilbrigðisfræðslu, -ráðgjöf og heilsuefingu. Hrafnhildur mun starfa náið með námsráðgjöfum og forvarnarfulltrúa skólans. Eitt meginmarkmið samstarfsins er að auka jákvæða umfjöllun og viðhorf til heilbrigðra lífshátta, ásamt því að stuðla að auknu aðgengi nemenda skólans að heilbrigðisþjónustu.

Við hvetjum nemendur skólans til að nýta sér þessa auknu þjónustu og bjóðum Hrafnhildi velkomna hingað til samstarfs.

## Skiptibókamarkaður

NFF stendur fyrir skiptibókamarkaði næstu daga. Opnunartími verður auglýstur sérstaklega. Við hvetjum þig til að nýta skiptibókamarkaðinn.

## Breytingar á starfsliði skólans

Í upphafi þessarar annar bjóðum við Jóhann Guðjónsson velkominn aftur úr annarlöngu orlofi. Það merkir að Kristín Grétarsdóttir hættir og óskum við henni alls velfarnaðar á öðrum vettvangi.

Þórdís Ólafsdóttir verður í leyfi þessa önn og sendum við henni okkar bestu kveðjur.

## INNA og Innri vefur

**INNA og Innri vefurinn (My School) verða lokuð nemendum fram yfir töfluafhendingu 4. janúar. Kerfin verða þá opnuð þeim sem eru skuldlausir hvað varðar endurinnritunargjöld og annað.**

**Mikilvægt er að gæta að lykilorðum sem þú ert með og muna að þau eru á þína ábyrgð.**



## Kennarar og kennslugreinar:

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp allir kennarar í skólanum, skammstöfun á nafni þeirra eins og hún birtist á stundatöflum nemenda, kennslugreinar þeirra á vorönn 2006 og netföng .

**Skrifstofa skólans er** **Bókasafn skólans er**  
**opin:** **opið**

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 16:00  
Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 16:30  
Föstudaga kl. 8:00 - 14:30  
Föstudaga kl. 8:00 - 16:00

**Nemendur hafa ekki heimild til að leggja bílum í portinu.**

**Þá er bannað að leggja í rennuna að portinu. Þeir sem leggja á þessu svæði eiga von á að bílar þeirra verði dregnir í burtu á kostnað þeirra sjálfra.**



## Viðtalstímar

skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, námsráðgjafa, sviðsstjóra, fagstjóra, umsjónarkennara og forvarnarfulltrúa verða auglýstir sérstaklega



## Vorönn 2006

Stundatöflur verða afhentar

4. janúar. Hægt verður að greiða endurinnritunargjöld og efnisgjöld þá.

**Kennsla hefst með hraðtöflu 5. janúar.**

Kennt verður skv. stundatöflu frá og



Nafn:	Skst.	Fag	Netfang
Adda María Jóhannsdóttir	AJ	ENS,	addam@flensborg.is
Anna Brynjúlfssdóttir	AB	STÆ	annab@flensborg.is
Baldur Hermannsson	BH	EÐL, JAR	baldurh@flensborg.is
Bryndís Jónsdóttir	BJ	Námsráðgjöf, LOK	bryndis@flensborg.is
Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	DSÓ	STÆ	dagrun@flensborg.is
Danielle Bisch	DB	STÆ	bisch@flensborg.is
Einar Birgir Steinþórss.	EBS	Skólameistari	ebs@flensborg.is
Erla Ragnarsdóttir	ER	SAG, FÉL,	erla@flensborg.is
Eva Björk Jónudóttir	EBJ	DAN, félagsmál	ebj@flensborg.is
Fjóla Rögnvaldsdóttir	FR	MYN	fjola@flensborg.is
Fríðrik Olgeir Júlíusson	FJ	STÆ	fridrik@flensborg.is
Geir Hallsteinsson	GH	ÍþF, ÍþG, ÍþR	geirha@flensborg.is
Gerður Steinþórssdóttir	GS	ÍSL	gerdur@flensborg.is
Guðmunda Birgisdóttir	GB	SÁL	gudmunda@flensborg.is
Guðný Árnadóttir	GA	FRA	gudnya@flensborg.is
Guðríður Karlsdóttir	GK	MTN,	ruri@flensborg.is
Guðrún Á. Guðmundsd.	GÁG	FJÖ, FJT, TEX, forvarnarfulltr.	runa@flensborg.is
Guðrún Jónsdóttir	GJ	ENS	gujons@flensborg.is
Halldór Árni Sveinsson	HÁS	FJT, MOF, LLF, útvarpsstjóri	dorisv@flensborg.is
Halldóra Jóhannsdóttir	HJ	EFN	halldora@flensborg.is
Helga Helgadóttir	HH	Námsráðgjöf, ÍSA	helga@flensborg.is
Helgi Guðmundsson	HG	ÍSL	helgigu@flensborg.is
Hildur Einarsdóttir	HD	EFN, NÁT	hildure@flensborg.is
Hjördís Bergsdóttir	HJB	Starfsbraut	dosla@flensborg.is
Hrafnhildur Blomsterberg	HB	KÓR	hild@flensborg.is
Hrafnhildur R Jósefsdóttir	HR	Starfsbraut, forstöðumaður	hrafnhildur@flensborg.is
Hrefna Geirsdóttir	HRE	ÍþR, fjárvistastjóri	hrefna@flensborg.is
Inga Jóna Þórisdóttir	IJP	LAN, NÁT, LKN	ingajona@flensborg.is
Jóhann Guðjónsson	JG	NÁT, LÍF	johann@flensborg.is
Jón Barðason	JB	SAG	jb@flensborg.is
Jóna Valborg Árnadóttir	JVA	ÍSL, ÍSA, LEI, HMN	jva@flensborg.is
Kristín Magnúsdóttir	KM	FÉL	krimag@flensborg.is
Kristján Rafn Heiðarsson	KRH	MHH	kristjan@flensborg.is
Lilja Héðinsdóttir	LH	ENS	liljah@flensborg.is
Magnús Gíslason	MG	TÖL, vefstjóri	magnus@flensborg.is
Magnús Þorkelsson	MP	Aðstoðarskólameistari, SAG	maggi@flensborg.is
Margrét Böðvarsdóttir	MB	ÞÝS,	marbo@flensborg.is
Margrét Lilja Vilmundardóttir	MLV	Stuðningsfulltrúi	margretlilja@flensborg.is
Ragnheiður H. Kristjánsdóttir	RHK	DAN, HMN	rhk@flensborg.is
Sigríður Friðriksdóttir	SF	NÁT, JAR, námsferilsstjóri	sisi@ismennt.is
Sigurbj. Anna Guðnadóttir	SA	STÆ	sag@flensborg.is
Sigurður B. Jónsson	SJ	ÞÝS,	sigurdur@flensborg.is
Simon Jón Jóhannsson	SJJ	ÍSL	sij@flensborg.is
Stefán Örn Valdimarsson	SV	BÓK, HAG, NÁT, ROG	stefan@flensborg.is
Steinhildur Hildimundard.	SH	BOK, HAV	sth@flensborg.is
Sveinn Þórðarson	SP	ÍSL,	sveinn@flensborg.is
Tamara Soutourina	TS	ENS	tamara@flensborg.is
Torfi Kristinsson	TK	Áfangastjóri, TÖL	torfik@flensborg.is
Unnar Örn Þorsteinsson	UP	ENS, sjálfsmatstjóri	unnart@flensborg.is
Viðar H. Steingrímsson	VHS	DAN	viddi@flensborg.is
Þórunn Andrésdóttir	TA	Starfsbraut	tand@flensborg.is